

# Hæfnigreiningar og námskrár starfsfólks íþróttamannvirkja

## SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Lok verkefnis: **12.08.2020**

### 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Hæfnigreiningar og námskrár starfsfólks íþróttamannvirkja. Símei - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

### 2. Um verkefnið

Ákveðið var að hæfnigreina störf starfsmanns íþróttahúss og sundlaugarvarðar. Í framhaldinu var námsskrá sem ætluð er starfsfólki íþróttamannvirkja endurskoðuð. *(Síðar verður unnið að raunfærnimati fyrir þessi störf, styrkveiting fyrir því veitt 2020).*

### 3. Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið formlegu námi tækifæri til að fá nám og reynslu sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfisins metna, auk þess að geta boðið því nám við hæfi.

### 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Í stýrihóp fyrir hæfnigreiningu sátu mismunandi aðilar, sviðsstjóri samfélagssviðs Akureyrarbæjar, formaður Kjalar stéttarfélags, deildarstjóri íþróttamála hjá Akureyrarbæ, forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í Dalvíkurbyggð, og forstöðumaður íþróttamannvirkja í Eyjafjarðarsveit, sundlauga og íþróttahúss. Starfsmennt vann síðan að endurskoðun námsskrár með SÍMEY, ásamt leiðsögn frá FA.

### 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Með þessu verkefni var hægt að greina hvaða hæfni er brýn fyrir þessi störf og með endurgerð námsskrár er hægt að bjóða upp á nám við hæfi.

### 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Úr hæfnigreiningum urðu tveir starfaprófilar; [starf í íþróttahúsi](#), og [sundlaugavörður](#). Endurskoðun á námsskrá leiddi af sér annars vegar af sér námsskrána [Sundlaugarvörður](#) og hins vegar námsskráin [Starf í íþróttahúsi](#).